

Fundargerð – 18. maí '20

Borgartúni 29, 3. hæð, 18. maí 2020, kl. 18-22,

Mætt:

Lena Viderø, formaður

Sigurhanna Kristinsdóttir, ritari (*stýrði fundi*)

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi skólaráðs (*fundarritari kvöldsins*)

Hallfríður Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Eygló Svala Arnarsdóttir, meðstjórnandi

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Reynir Ingi Finnsson, nýliði

Fjarverandi:

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Sett dagskrá vinnufundar:

1. Yfirfara lög – tillaga fyrir aðalfund – hlutverk foreldrafélagsins
2. Samantekt fyrir veturinn sem er að líða
3. Yfirfara hlutverk bekkjarfulltrúa eftir árgöngum
4. Beinagreind að fræðsludagskrá
5. Önnur mál

1. Yfirfara lög – tillaga fyrir aðalfund – hlutverk foreldrafélagsins

Halla var byrjuð að vinna í lögnum og sendir uppkast sem unnið er áfram með.

Rætt um bekkjarfulltrúa og hversu erfitt er að fá þá til starfa. Kerfið er ekki að virka sem skyldi. Leggjum það til að foreldrafélagið kalli eftir bekkjarfulltrúum frekar en að kennarar hvers bekkjar sjái um það á haustfundum. Rita það í lögin?

Skrifa í lög að einn í stjórn skuli jafnframt sitja í skólaráði. Þannig næst góð tenging milli foreldrafélags og skólaráðs, en í því sitja einnig skólastjóri, kennarar, starfsmenn skólans og nemendur.

Skerpt á því hvert er hlutverk félagsins – unnið með klausu frá Höllu.

Bundið í lög hver upphæð styrkja til bekkja og gjafa skuli vera.

Rætt hvort binda skuli í lög hvaða árgangar fá fræðslu – rætt um að 2., 5., 8. og 10. bekkir fái fræðslu.

Hlutverk innan stjórnar yfirfarin og eins því breytt hvenær halda skuli aðalfund.

Að vori skal stjórn taka saman skýrslu yfir starf vetrarins og senda til félagsmanna, sama skýrsla skal borin upp á aðalfundi. Einnig skal stjórn setja saman drög að starfs- og fjárhagsáætlun næsta vetrar. Binda þetta í lög.

Í skýrslu stjórnar viljum við kalla eftir upplýsingum frá bekkjarfulltrúum, hvað gert var yfir árið. Byggist upp hugmyndabanki.

Samþykkt að einn til tveir stjórnarmenn taki að sér að fínþússa samþykktir. Verða rædd og samþykkt á síðasta fundi vetrar. Þessi drög að nýjum samþykktum má þá auglýsa fyrir næsta aðalfund (haustið 2020), þannig að hægt sé að koma með athugasemdir fyrir aðalfund og í kjölfarið kynna og samþykkja nýjar samþykktir á aðalfundinum sjálfum.

2. Samantekt fyrir veturinn sem er að líða

Stjórnin hittist 5 sinnum:

- Okt, nóv, jan, feb, maí (auðvitað spilaði Covid-19 inn í fjölda funda) Að auki haldnir eftirfarandi fundir:
 - Jólafrændurfundur með bekkjarfulltrúum í 3. og 4. bekk - 19. nóv 2019 •
 - Fræðsluráðsfundur með bekkjarfulltrúum í 5. og 8 bekk - 22. jan 2020 •
 - Öskudagsfundur með bekkjarfulltrúum í 1. Bekk

Helstu verk stjórnar:

- Keypti saltdreifara með skólanum
- Hélt jólafrændur
- Hélt foreldrafræðslu fyrir alla foreldra (SAFT)
- Fékk fræðslu inn í skólann fyrir 5., 6., 7., 8. og 10. bekk! (Kristín Tómasar og Sigga Dögg)
- Var í beinum tengslum við Nemendaráð (Lena formaður fundaði með ráðinu)
- Var í beinum tengslum við Skólaráð og þar með við skólastjórnendur, nemendur og starfsmenn (Eirný fulltrúi þar)
- Formaður fundaði tvisvar með skólastjóra
- Ályktaði um baráttumál – skólarútu og smáhýsi
- Sótti um styrk sem ekki fékkst og annan sem beðið er eftir fréttum af það

sem datt uppfyrir:

- Komum ekki að Öskudagsskemmtun (Eldflaugin afþakkaði alla hjálp) – finna nýtt hlutverk fyrir foreldra sem eiga börn í 1. og 2. bekk?
- Héldum ekki vorhátíð (vegna Covid-19)

Samþykkt að einn stjórnarmeðlimur taki saman drög að skýrslu stjórnar, sem þá er hægt að yfirfara og samþykkja á síðasta fundi vetrar.

3. Yfirfara hlutverk bekkjarfulltrúa eftir árgöngum

Ný tillaga:

- Foreldrar barna í 1., 3., 4. bekk taki þátt í að skipuleggja og sjá um jólaviðburð.
- Foreldrar barna í 2. 5. og 8. bekk taki þátt í að velja og skipuleggja fræðsluviðburði vetrarins fyrir 2., 5., 8., og 10. bekk.
- Foreldrar barna í 6., 7. og 9. bekk taki þátt í að skipuleggja vorhátíð.
- Foreldrar barna í 10. bekk eru ávallt afar uppteknir vegna fjáröflunarviðburða í tengslum við útskrifarferð krakkanna og eru því stikkfríir.

4. Beinagreind að fræðsludagskrá

- Tillaga kom fram um það að 2., 5., 8. og 10. bekkir fái fræðslu
 - 2. og 5. bekkur (hugmyndir: samskipti, sjálfstyrking, netnotkun, fjármálalæsi), • 8. og 10. bekkur (kynfræðsla – í samræmi við óskir nemendaráðs)

Bekkarfulltrúar í 2., 5. og 8. bekk útfæri nákvæmlega hvaða fræðsla verði í boði og hverjir veiti hana, en hafi til hliðsjónar þessa skiptingu hér fyrir ofan.

5. Önnur mál

- Rætt um fundarritun og mikilvægi þess að birta fundargerðir á heimasíðu skólans.
- Ræðum aftur að vel fari á því að foreldrafélagið kalli eftir bekkjarfulltrúum frekar en að kennarar hvers bekkjar sjái um það á haustfundum og þeir verði hristir saman í upphafi skólaárs – t.d. með því að halda teiti.
- Ætlum að muna næsta haust að kanna stöðuna á Fróðum Foreldrum, söknum þeirrar samvinnu mikið.
- Rætt um foreldrarölt og hvernig foreldrafélagið geti komið að því í samvinnu við Gleðibankann.
- Rætt hvort stjórnin vilji halda hausthátíð næsta haust, í ljósi þess að vorhátíðin féll niður vegna Covid-19?
 - Getum tekið stöðuna í þjóðfélaginu næsta haust og skipulagt hátíð með skömmum fyrirvara ef óhætt er og vilji fyrir hendi
- Sundmál rædd eina ferðina enn – samþykkt að kalla eftir upplýsingum um mætingu í sund næsta haust, ef þarf.

- Síðasti fundur stjórnar skipulagður að viku liðinni (verður haldinn 27/5/2020). •
Klara og Halla yfirfara og hreinskrifa löginn og kynnir á fundinum
- Eygló semur skýrslu stjórnar og kynnir á fundinum, Eirný sendir henni samantekt um málefni skólaráðs skólaárið 2019-2020
- Sigurhanna og Lena útbúa beinagrind að starfsáætlun næsta vetrar

Fundargerð – 22. jan '20

Hlíðaskóla og bekkjarfulltrúa 8. bekkjar BUS Hostel, 22. janúar 2020, kl. 18-19

Mætt:

Lena Viderø, formaður

Eygló Svala Arnarsdóttir, meðstjórnandi (*fundarritari kvöldsins*)

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi og bekkjarfulltrúi í 8. bekk

Einar, bekkjarfulltrúi í 8. bekk

Fjarverandi:

Sigurhanna Kristinsdóttir, ritari

Hallfríður Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Tilgangur fundarins var að ræða fræðsluerindi sem bekkjarfulltrúar 5. og 8. bekkjar eiga að taka að sér að skipuleggja, annars vegar um farsíma, samfélagsmiðla, internetið og samskipti og hins vegar um kynfræðslu og klám (eða eitt erindi þar sem komið er inn á allt þetta). Áhugi var fyrir því að skipuleggja fræðslu fyrir foreldra líka.

Bekkarfulltrúar 5. bekkjar voru einnig boðaðir á fundinn, en komust ekki. Eftirfarandi hugmyndir voru sendar inn fyrir fund:

Guðrún Ólafsdóttir, annar tveggja bekkjarfulltrúa í 5. bekk, hafði samband við Lenu og kom með hugmyndir að fræðslu. Hún nefnir að Erlendur Egilsson, skólasálfræðingur, hafi verið með flotta fræðslufyrirlestra í Kársnesskóla, t.d. um kvíða barna, mótþróa og reiðivanda og fleira. Hægt að hafa samband við hann (erlendure@kopavogur.is). Eins nefnir hún einhvern frá Heimili og skóla eða SAFT varðandi erindi um netöryggi.

Bjarni Þór sendi póst á Lenu og kom með þá hugmynd að athuga með Pálmari

Ragnarsson og segir að hann hafi verið að halda hvetjandi fyrirlestra um jákvæð samskipti. Sjá á Facebook undir: Pálmar Ragnarsson - Fyrirlestrar

Sjá: <https://docs.google.com/document/d/1GkvLzbnOzNc3ad0zx1Oqn6gTzXWe1saQOtSWmdIn1s/edit?fbclid=IwAR183liXDsiBSPnnSoOGXxmgAxgocekGrJpku4BUA90POChr-iRnyFCIpnQ>

Margir aðrir fyrirlesarar koma til greina, t.d. Brynhildur Björnsdóttir (einn af höfundum Fáðu Já og Stattu með þér. Sjá grein eftir hana hér: <https://knuz.wordpress.com/2016/11/29/ellefuara/>).

Eirný sendi fyrirspurn til SAFT, sem sendi eftirfarandi svar:

Við bjóðum upp á SAFT fræðslu fyrir alla aldurshópa og foreldra líka. Algengasti aldurinn sem beðið er um er ca. 4.-7. bekkur.

Við lögum fræðsluna almennt að óskum þess sem pantar hana.

Verðskrá er þannig:

40-50 mín fræðsla á dagvinnutíma kr. 45.000, 30% afsl af fyrirlestri tvö ef pantaðir eru fleiri en tveir og 50% afsl af þriðja fyrirlestri o.s.frv.

60-90 mín fræðsla fyrir foreldra utan dagvinnutíma er á kr. 70.000.


Afsláttur er veittur ef skólinn/foreldrafélagið er félagi í Heimili og skóla og einnig gerum við tilboð í pakka ef nokkrir fyrirlestrar eru pantaðir. Við förum frítt í 6. bekk ef áhugi er fyrir hendi, erum með styrk í það.

Allir voru sammála um að þiggja fría fræðslu fyrir 6. bekk (seinna kom í ljós að 6. bekkur fékk fræðsluna fyrir áramót) og að fá fræðslu frá SAFT fyrir foreldra. Mögulega 13. febrúar.

Halla sendi fyrirspurn til Siggu Daggar sem býður upp á fræðslu bæði fyrir börn og foreldra og fólk virðist almennt vera mjög ánægt með hennar fyrirlestra:

Sæl Halla,

Ég fer með kynfræðslu niður í 5. bekk og er hún oft árgangaskipt og jafnvel kynjaskipt, skólar ráða hvernig þeir haga því. Kjörstærð hvers hóps er um 30 nemendur og er kennari velkomin að vera með í tímanum. Ég miða við klst per fyrirlestur. Það kemur einkar vel út að hafa fyrirlestur fyrir unglina á skólatíma og svo fyrir foreldra að kvöldi sama dags. Það hnýtur vel saman kynfræðsluna ef það er hægt að gera það þannig.



Sjá nánar: <https://www.siggadoqq.is/fyrirlestrar>

Elva Dögg og Anna Steinsen hjá KVAN voru einnig nefndar (tengist meira jákvæðum samskiptum). Sjá: <https://kvan.is/staff>

Kristín Tómasdóttir hafði boðist til að halda fræðslu (sjá síðustu fundargerð). Eirný nefndi möguleikann á að skipuleggja foreldrafræðsluna með einum eða fleiri skólum til að tryggja góða mætingu. Það var léleg mæting fyrir einhverjum árum þegar SAFT hélt fyrirlestur fyrir foreldra um netnotkun. Fram kom að Fróðir foreldrar, sem hafa skipulagt fræðslu síðustu ár, eru í pásu.

Sigga Dögg hefur verið fengið til að ræða við nemendur áður, en í 9. bekk, og þótti mikilvægt að byrja fyrr að ræða við börnin um klám og kynlíf. Mögulega væri sniðugt að hafa hópinn kynjaskiptan, stelpur virðast sérstaklega vera feimnar við að spyrja innan um stráka.

Ályktun fundarins var að fá nemendafélagið í lið með okkur til að skipuleggja fræðslu fyrir krakka. Það væri gott að fá þeirra álit á fyrirlesara, fyrir hvaða bekk eða bekki fræðslan ætti að vera og hvort þau séu með einhverjar hugmyndir hvað þetta varðar. Lena sendir Krístrúnu póst um að boða fund með nemendafélaginu (almennt hefðum við áhuga á nánari samstarfi milli foreldra- og nemendafélags).

Eirný hafði samband við SAFT og fékk eftirfarandi svar:

Bryndís hjá SAFT/Heimili og skóla sagði: "Ég er laus t.d. fimmtudagana 6. og 13. febrúar hvort sem er fyrir eða eftir kvöldmat, þetta eru ca. 90 mín, væri fínt að hafa smá kaffihlé. Er líka laus þriðjudaginn 4. febrúar kl. 17.30-19.00 en ekki eftir kvöldmat.

Hlíðaskóli greiðir árgjald til okkar svo fræðsla fyrir foreldra kostar kr. 60.000.

13. febrúar hentar betur.

Fundargerð 14. jan '20

BUS Hostel, 14. janúar 2020, kl. 18-19

Mætt:

Lena Viderø, formaður

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Eygló Svala Arnarsdóttir, meðstjórnandi (*fundarritari kvöldsins*)

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Hallfríður Brynjólfsdóttir, meðstjórnandi

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði

Fjarverandi:

Sigurhanna Kristinsdóttir, ritari

Dagskrá:

Saltdreifari og fjármál

Lena segir frá því að búið sé að kaupa saltdreifara fyrir skólann. Hann kostar 280.000 kr. og borgar skólinn helminginn. Hann ætti að koma í þessari viku.

Klara hefur einnig greitt ársgjaldið fyrir Samfok, 20.000 kr. Staða á reikningi er 1.062.958 kr. og 1/3 foreldra er búinn að greiða valgreiðsluseðla í heimabanka. Eindagi er um næstu mánaðamót.

Lena ætlar að senda póst til foreldra, segja þeim frá saltdreifaranum, minna á foreldrafélagið, næstu viðburði og að greiða greiðsluseðla.

Sigurhanna og Lena höfðu tekið saman þrjú atriði til að ræða á fundinum, sem voru:

Skólasund, snjallsímar í skólanum og betra samband á milli foreldrafélags og nemendaráðs

Skólasund hjá 2. bekk

Stúlkur þurfa að labba úti úr kvennaklefanum og bíða svo á bekk meðan lesið er upp í innilauginni, allar kvefaðar og vilja ekki fara í sund. Foreldrar sendu á kennara sem sendi á skólastjórnendur en þær hafa ekki fengið nein viðbrögð þaðan. Viljum við fylgja þessu eftir og hvernig?

Fundarmenn voru sammála um að þetta væri fáránlegt og að það hlyti að vera hægt að lesa upp annars staðar eða finna aðra lausn svo stelpurnar þurfi að sitja og bíða á bakkanum á sundfötunum. Skilaboð foreldrafélags til skólastjóra væri að taka á málinu sem fyrst.

Snjallsímar í skólanum, klám og fræðsla

- Börn að skoða klám og sýna öðrum. Gott væri að taka þessa umræðu almennt varðandi allan skólann.
- Krakkar að taka myndbönd af öðrum og birta á t.d. Youtube.
- <https://www.personuvernd.is/einstaklingar/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/myndbirtingar-a-netinu>

Rætt var um hvort mætti ekki hreinlega banna síma í skólanum eða þá allavega að nemendur láti kennara hafa síma að morgni og fái þá aftur þegar skóla lýkur. Þetta hefur verið gert í öðrum skólum (sjá: <https://www.visir.is/g/2018181209348>). Vafi leikur á hvort það sé leyfilegt eða allavega þarf samþykki foreldra að liggja fyrir.

Varðandi klám, internet, samfélagsmiðla, og myndbirtingar var ákveðið að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur (5. bekk) og að finna fyrirlesara sem næði til barnanna. Nokkur nöfn komu upp: Bjarni Fritzon, Ævar vísindamaður, Villi Naglbítur, Kristín Tómasdóttir og Jón Jónsson. Rætt var við Bjarna og Kristínu, en þau reka fyrirtæki saman. Þau gáfu eftirfarandi svör:

Kristín: „Mín reynsla er að svona fræðsla þurfi að vera mjög stutt svo ég legg til að þetta verði ca 20 mín fyrirlestur og svo tek ég við spurningum. Mæli með að fyrirlesturinn verði fyrir 5. bekk og eldri og ég mun miða hann að aldri. Legg áherslu á muninn á klámi og kynlífi, en kem inn á notkun og áhrif samfélagsmiðla og internetsins.“

Klara benti á að heill árgangur sé of mikið í einu, því færri, þeim mun meiri líkur á að þau þori að spyrja. Ef þetta eru 3 árgangar og um 20 börn í hóp þá er þetta kostnaður uppá 100-150 þúsund í heildina.

Bjarni er ekki tilbúin með fræðslu um síma og netnotkun en hefur mikin áhuga þessu og miklar skoðanir. Hann hefur hug á að gera hana (fræðsluna) en það verðu að gefa sér góðan tíma í að gera hana. Hann er að vonast til að geta verið komin með þetta í gang næst haust. Hann hugsar sér að það verði að vera með tvöfalda fræðslu þ.e.a.s. sér fyrir börn og svo líka fyrir foreldra.

Á fundinum var rætt að þetta ættu kannski að vera tvö aðskild fræðsluerindi, þ.e. síma og netnotkun og klám og kynlíf. Einnig var rætt hversu ung börnin ættu að vera. Atvikið sem nefnt er hér að ofan gerðist í 3. bekk. Í leikskólum er rætt um einkastaði og mörk. Þarf að fylgja því eftir? Það kom upp atvik í kitluleik í 2. bekk þar sem mörk voru ekki virt (sennilega óviljandi). Það er hefð fyrir því að skólinn sjái um kynfræðslu í 9. bekk, en hvað með aðra árganga?

Halla sagði frá frábærum fyrirlestri sem hún fór á með dóttur sinni í Háteigsskóla fyrir 12 árum

síðan, þegar dóttir hennar var tíu ára. Þá töluðu fyrirlesarar fyrst við foreldra og nemendur í sitt hvoru lagi og síðan saman. Foreldrar áttu að segja frá því hvernig samskipti þau héldu að börnin þeirra höfðu við hitt kynið og fengu síðan að vita hvernig þeim samskiptum var í raun háttað og nærri undantekningalaust höfðu börnin gengið lengra en þeir höfðu ímyndað sér.

Bekkjarfulltrúar í 5. og 8. bekk eiga að sjá um að skipuleggja fræðsluerindi fyrir börn og fullorðna og hefur Rósa (sem er fulltrúi í 8. bekk) boðað fund næsta miðvikudag, 22. janúar kl. 18.

Samstarf með nemendaráði

Ætti foreldrafélagið og nemendaráð að vera í nánara sambandi? Ætti foreldrafélagið að vera sýnilegra í skólanum?

Þetta atriði var á dagskrá en ekki gafst tími til að ræða það á fundinum. Til stendur að taka það fyrir næst.

jólafundur 19.nóv '19

Mætt:

Lena Viderø, formaður

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Eygló Svala Arnarsdóttir, meðstjórnandi (*fundarritari kvöldsins*)

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Hallfríður Brynjólfsdóttir, meðstjórnandi

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði

Bárður (bekkjarfulltrúi í 4. ASR)

Hulda (bekkjarfulltrúi í 4. RÓ)

Purý (bekkjarfulltrúi í 4. ??)

Einnig áhugasamir foreldrar: Kjartan, Margrét og Kristján

Fjarverandi:

Sigurhanna Kristinsdóttir, ritari

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Hátíðarsalur Hlíðaskóla hefur verið bókaður fyrir jólafundrið, sunnudaginn 1. desember kl. 16-18. Bekkjarfulltrúar úr 3. og 4. bekk skipuleggja fundrið og fá fleiri foreldra barna úr þeim bekkjum til að aðstoða við skipulagningu og frágang.

Kynntar voru ýmsar hugmyndir að jólafundri, kostir og gallar ræddir. Fundargestir voru sammála um að endurnýta efnivið eins og framast er kostur, fá foreldra til að leggja í púkk og kaupa sem minnst og ódýrast. Eitthvað föndurdót á að vera til frá síðasta jólafundri og Linda, fyrrverandi formaður, ætlar að hjálpa til við að finna það. Annars er til peningur í foreldrafélaginu.

Ákveðið var að fönndra eftirfarandi:

- Mála og skreyta glerkrúkkur og öskjur
- Stimpla og mála á brúnan innpökkunarpappír
- Mála og teikna á plastringri
- Klippa út jólaskraut úr gömlum bókum

Útbúnaðarlisti:

- Krúkkur
- Öskjur
- Jólappír (og jólaservíettur)
- Pakkabönd og/eða borða
- Glimmerpennar
- Jólalímmiðar
- Skæri
- Lím
- Brúnn innpökkunarpappír
- Kartöflur og/eða svampar fyrir stimpla (Rósa getur komið með kartöflur) -
Hnífar til að skera út
- Plastringir, hvítir og glærir (slatti til frá Hrekkjavökuföndri 1. bekkjar, allavega hægt að
útvega fleiri hvíta)
- Málning – akríl og venjuleg
- Penslar (einhverjir til frá Hrekkjavökuföndri 1. bekkjar)
- Merkipennar (einhverjir til frá Hrekkjavökuföndri 1. bekkjar)
- Hvítur pappír (Klara segist eiga pappír)
- Borvél og trédrumbur (Kristján prufar að bora í plastringri)
- Gamlar bækur (athuga hvort bókasafnið eigi einhverjar sem má nota) -
Heftarar og hefti
- Gatarar
- Dagblöð sem undirlag
- Föndursvuntur eða föt sem má fara málning í (Bárður ætlar að athuga hvort hægt sé að fá
lánað á leikskólanum þar sem hann vinnur)
- Piparkökuform fyrir sniðmát (gæta þess að hafa nógu mörg)

Athuga á hvort skólinn geti lánað eitthvað, t.d. gatara og heftara. Hvað með pensla, hnífa, skæri og piparkökuform? Ætlaði Rósa að kanna það?

Biðja á foreldra að koma með krúkkur, öskur, jólappír, dagblöð og sjá til þess að börnin séu í fötum sem má fara málning í. Einnig kom upp hugmynd um að kalla eftir efni frá foreldrum sem gæti nýst í föndrið og biðja þá um að skilja eftir í kennslustofu.

Innkaupalisti:

- Borðar
- Glimmerpennar
- Jólalímmiðar

- Lím
- Brúnn innpökkunarpappír
- Kartöflur og/eða svampar fyrir stimpla (Rósa getur komið með kartöflur) -
Hnífar til að skera út
- Málning – akríl og venjuleg
- Penslar (?)
- Hefti

Halla og Klara ætla að taka að sér að kaupa inn.

Einnig þarf að búa til sýnidæmi og koma með. Eygló er búin að tala við eina vegna plastringjanna.

Lena ætlar að hafa samband við 10. bekk og bjóða þeim að vera með fjáröflun á jólaföndrinu, veitinasölu og tónlist.

Talað var um að hafa mismunandi stöðvar í salnum til að auðvelda aðgengi. Æskilegt er að fjórir mæti um klukkutíma fyrir til að undirbúa og að fjórir verði lengur til að ganga frá. Margrét og Kjartan geta komið fyrir. Bekkjarfulltrúar hvetja fleiri foreldra til að taka þátt, tala við húsvörð og sjá til þess að hægt verði að fá tuskur og sópa eftir föndrið. Skila þarf salnum eins og við tókum við honum. Enginn starfsmaður skólans verður viðstaddur.

Lena sendir póst til bekkjarfulltrúa og allra foreldra og býr til Fésbókarviðburð og hvetur í leiðinni sem flesta til að taka þátt í föndrinu og frágangi.

Fundargerð - 6. nóv 2019

Mætt:

Lena Viderø, formaður

Sigurhanna Kristinsdóttir, ritari

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Eygló Svala Arnarsdóttir, meðstjórnandi

Fjarverandi:

Hallfríður Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Dagskrá:

Prófkúra

Skrifað undir skjöl til að gjaldkeri fái prókúru að reikningum foreldrafélagsins.

Kynningarbréf og gíróseðill

Allir lesi yfir uppkast að kynningarbréfi um nýtt foreldrafélag og svo þarf að senda það út sem allra fyrst. Um leið og prófkúra er komin á gjaldkera þá fer greiðsluseðill út.

Aðgerð: allir að lesa bréfið og gefa gó á það!

Setja niður fundi fyrir allan veturinn

Þriðjudaga kl. 18, fyrsta virka dag í mánuði.

Jólafondur

Gera uppkast að því hvað við leggjum til og láta svo bekkjarfulltrúa í 3. og 4. bekk hjálpa til við að hrinda í framkvæmd og einnig sjálfan daginn. Stinga uppá 30. nóv. sem dagsetningu. Kalla á fund til að leggja línurnar. „Conceptið“ gæti verið endurvinnsla.

Hugmyndir:

- Endurnýta föt fyrir jólapeysur (Jólaföndur Halldóru)
- Kassar til að búa til gjafaöskjur
- Krukkur til að mála
- Plastringir/geisladiskar frá jólaföndri

Aðgerðir:

- Þorbjörg og Eygló ætla að skoða hvað hægt er að gera með endurvinnslu sem „concept“ (athuga með plastringi)
- Lena sendir annan póst í næstu viku um að föndrið verði þann 30. nóvember (kl. 12?) og nánari upplýsingar komi þegar nær dregur svo fólk taki daginn frá.
- Eirný bókar fund með bekkjarfulltúum, næsta þriðjudag kl. 18 á BUS: ○

3.BB

- Vantar
- **3.RG**
 - Áslaug Bjarnadóttir aslaugsoley@gmail.com
 - Guðlaugur Aðalsteinsson gulli@islenska.is
- **4.ASR**
 - Puríður Anna Jónsdóttir thuriduranna@kopavogur.is
 - Kristbjörg Marta Jónsdóttir kristbjorgmj@gmail.com
 - Bárður Ingi Helgason bih2@hi.is
- **4.BG**
 - Vantar
- **4.RÓ**
 - Inga Jóna Þórisdóttir ingathorisdottir@gmail.com
 - Hulda Orradóttir huldaorra@vortex.is

Þrettándahátíð 2020 - póstur frá Hverfismiðstöð. Sigurhanna mun komast að því til hvers er ætlast af okkur?

Getum við gert eitthvað í hverfinu? Ljósahátíð á næsta ári? Eða eitthvað í febrúar?

Fundur í vor þar sem árið er gert upp. Muna eftir að bóka slíkt, og bjóða foreldrum að koma og tala um það sem hefur verið gert í vetur. Eða þá að stjórnin haldi fund og fari yfir árið. Hægt að panta mat.

Skólarúta/strætó

Eirný er í samstarfi við foreldra í Suðurhlíðunum, andmælum komið á framfæri. Kemur

Íbúum við skólann líka við því við fáum umferðina hingað yfir. Allir sammála um að hægt er að álykta í nafni Stjórnar foreldrafélags Hlíðaskóla. Jafnvel hægt að taka upp vídeó af krökkunum labba þessa leið ef þarf að fara í aðgerðir.

Skólamötuneytið

Helsta umræðuefnið er hvort hægt er að bjóða uppá að krakkarnir skammti sjálfir á diskana?

Hugmynd að gera könnun en mögulega í samráði við skólastjórnendur. Gaman að sjá unglunga taka þátt í þessu með skólaráði. Tilraunaverkefni með að vigta mat?

Aðgerðir:

- Eirný ætlar að taka áfram með skólaráði og stinga uppá að búa til nefnd um mötuneytið.
- Sigurhanna og Rósa ætla að tala við kennara í 6. og 8. bekk um hvort þeir eru til í að skoða matarsóun með krökkunum, vigta matinn.

Nemendaráð

Væri gaman ef stjórn foreldrafélagsins myndi halda fund með nemendaráði, unglingadeild til að byrja með og sjá hvað krakkarnir eru að hugsa um.

Skólaráðsfundur 30.10.2019

Ekkert sérstakt frá þeim punktum annað en það sem hefur verið rætt að ofan.

Fróðir foreldrar

Er í lægð, Samfok og Fróðir foreldrar eru að fara í samstarf. Við fylgjumst með. Heimili og skóli virk og endilega pósta þeim viðburðum áfram á okkar foreldra. Hugmynd að fræðslu: svefn barna.

Tónlistarkennsla í skólanum

Básúnukennsla er í boði og mögulega slagverk en er biðlisti. Tónmenntastofan nýtt í söngleiki/dans. Það er ekki pláss, er svarið. Væri hægt að nýta stofur eftir skóla? Skólaráð: Ítreka þann möguleika að hægt sé að bjóða uppá tónlistarkennslu (sem foreldrar greiða fyrir) eftir skóla? Hvað hefur verið boðið uppá í skólanum (og verður boðið uppá)?

Samstarf við tónlistarskóla í Reykjavík?

Tvennt fyrir næsta skólaráðsfundur, mötuneyti og tónlistarkennsla.

Skólaráðsfundur 30.10.2019

Sundtímar

- Hvaða sundstaðir? Fá engu um það ráðið - plássleysi, aldur ræður ekki niðurröðun, heldur hvaða dag vikunnar hver bekkur á sundtíma
 - Sundhöll - mánudagar

- Laugardalslaug - þriðjudaga til föstudaga
- Kynjasskipting
 - Lagði til kynjasskiptingu í 6. bekk
 - Í skólaráði er trans-barn, það kom fram með sitt sjónarmið að kynjasskipting væri hvergi af hinu góða, séð frá sjónarhorni þeirra sem mögulega eru trans - skiljanlegt sjónarmið
- Tómsundur í beinu framhaldi af sundi
 - Sundtímar búnir kl. 14:20 - þá á eftir að keyra börnin í rútu í skólann. Ekki kveðið á um það í reglum/lögum að skóla skuli ljúka í skólanum
 - Lagt til að skipta upp í hópa (þeir sem eiga að mæta kl. 15 fá að vera í fyrri sundtíma, t.d. í 6. bekk)
 - Eða keyra nemendur beint úr sundi í Valsheimilið... (eru hvortæðer í rútu að rúnta um bæinn)
 - Skólastjórnendur ætla líka að kalla fulltrúa frá Val á fund, til að fyrirbyggja að þetta verði síendurtekin vandræði á hverju ári, finna lausn til frambúðar!

Bekkjarfulltrúar

- Hvernig er hægt að kalla eftir bekkjarfulltrúum þar sem þá vantar
 - Skólastjórnendur ætla að ganga í þetta mál og reyna að fá inn bekkjarfulltrúa!

Símalaus skóli

- Skólastjórnendum leist vel á að prófa símalausa viku eða símalausan mánuð. Fulltrúar nemenda (á unglíngastigi) lýstu því hversu truflandi áhrif símar geti haft (eru í vasa nemenda, en alltaf verið að kíkja á þá, til að sjá hvort eitthvað nýtt hafi komið inn á samfélagsmiðlum). Tóku það skýrt fram að ef ætti að vera símalaus tilraun þyrfti að bjóða upp á skemmtileg spil eða eitthvað þvítíkt í staðinn á unglíngagangi!

Skólalóðin

- Er í vinnslu. Kastalinn var í yfirhalingu í vetrarfríinu (viðgerðir). Til stendur að fjölga rólum, lappa upp á körfur og mörk og mála línur á skólalóðina (vegna dauflínds nemanda).

Söltun og söndun

- Söltunargræja kostar 400-500 þús krónur. Nokkuð dýr fyrir foreldrafélagið! Reykjavíkurborg neitar að kaupa! Foreldrafélagið bjóðist til að borga í græjinni til að liðka fyrir? Þurfum að ræða!

Félagsmiðstöðin

- Ekkert að fréttar!!! Ekki má kaupa húsnæði og ekki má betrubæta. Eru í tveimur kennslustofum + frammi á gangi! Í raun ólíðandi en nemendurnir í skólaráði báru sig vel, enda er starfsemin frábær og þeir þekkja ekki annað en þetta fyrirkomulag.

Nemendurnir ræddu að auki:

- Mötuneytið
 - Vilja fá að koma með hugmyndir, búin að fá leið á sömu réttunum í gegnum öll árin sín í Hlíðaskóla. Ekki slæmur matur sögðu þeir, bara þau búin að fá leið á honum ;)
- Fræðsla
 - Alveg til í meiri fræðslu, t.d. um orkudrykki, umhverfismál, Hinseginleikann, etc...

Frá skólastjórnendum:

- Hlíðaskóli er þekkingarskóli í leiðsagnarnámi
 - Leiðsagnarnám: samvinna, leiðsögn, læra af mistökum, bera ábyrgð sjálf, símat (hverfa frá lokaprófum), námsfélagar vinna saman (læra af hvorum öðrum), sveigjanleiki
- Peers
 - Námsráðgjafi og þroskaþjálfari á námskeiði - félagsfærni-efling, á að nýtast inni í skólanum og þeir að geta miðlað til annarra kennara
 - Starfsáætlun Hlíðaskóla er tilbúin og í yfirlestri (þar með talin læsisáætlun)
- Handbók um varðveislu gagna er verið að útbúa af hendi Skóla- og frístundasviðs

Fundargerð - 22. okt 2019

Stjórn 2019-2020

Ný stjórn skipti með sér verkum:

Mætt:

Lena Viderø, formaður

Sigurhanna Kristinsdóttir, ritari

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Fjarverandi:

Hallfríður Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Eygló Svala Arnarsdóttir, meðstjórnandi

Samskipti og fundir:

Notum Messenger grúbbu til samskipta og Google Drive fyrir önnur skjöl.

Hittumst 1 x í mánuði, næsti fundur þriðjudaginn 5. nóvember kl. 18 á Bus.

Næsti skólaráðsfundur:

Sund:

Hjá 6. bekk er tímasetning erfið fyrir þau börn sem eru að æfa í Val. Hámark 18 börn sem koma of seint á æfingu.

Kynjaskipt sund frá hvaða aldri og er hægt að færa það neðar?

Hvenær fara börn í Laugardalslaug úr Sundhöllinni. Vitum að 1.-3. bekkur er í Sundhöllinni. Hvert er framtíðarplanið með sundkennslu, að hafa áfram skipt á milli tveggja lauga?

Símalaus skóli:

Hver eru plön með síma í skólanum?

Skólalóð:

Hvað er fyrirbyggjandi með skólalóðina? Er komin einhver áætlun með söltun og söndun á lóðinni í vetur? Foreldrafélagið tilbúið að kaupa vél til þess (innan ákveðinna verðmarka).

Fjármál:

Sjóður foreldrafélagsins stendur í 600.000 kr.

Allir foreldrar í Hlíðaskóla eru í foreldrafélaginu. Munum senda út greiðsluseðil á næstunni, 3.000 kr., foreldrar greiða bara eitt gjald þótt börn séu fleiri en eitt í skólanum.

Athuga með styrk fyrir vorhátíð hjá Hverfisráði, (og athuga hvernig það starfar í dag (virðist heita Íbúaráð frá því í haust: <https://reykjavik.is/radognefndir/ibuarad-midborgar-og-hlida>)).

Styrkir til bekkjafulltrúa vegna bekkjaskemmtana:

Foreldrafélagið veitir hverjum árgangi (líklega 22 bekkir í skólanum) styrk til að skipuleggja viðburði innan hvers árgangs, 5.000 kr. per bekk, til að fá styrkinn afhendan þarf að leggja fram greinargerð um hvað á að nota hann í og nótu.

Dagskrá vetrarins 2019-2020:

Hrekkjavaka 31. október, hvetja foreldra til að taka þátt í viðburði í hverfinu. Jafnvel Hrekkjavökuball í Tunglinu.

Jólafondur (hugmynd að búa til sína eigin jólapeysu?)

Öskudagsskemmtun

Vorhátíð

Fræðslukvöld, 1 fyrir áramót og 1 eftir áramót?

Skipting milli árganga hefur verið:

Foreldrar barna í 1. og 2. bekk taki þátt í skipulagningu Öskudagsskemmtunnar (hefur verið í samstarfi við Eldflaugina/Tunglið, útvegaðar tunnur og nammi).

Foreldrar barna í 3. og 4. bekk taki þátt í að sjá um jólaviðburð.

Foreldrar barna í 5. og 8. bekk taki þátt í að velja og skipuleggja fræðsluviðburði vetrarins.

Foreldrar barna í 6., 7. og 8. bekk taki þátt í að skipuleggja vorhátíð.

Foreldrar barna í 10. bekk eru ávallt afar uppteknir vegna fjáröflunarviðburða í tengslum við útskrifarferð krakkanna og eru því stikkfríir.

Hugmyndir að fræðslu:

Um líkamsvitund og samfélagsmiðla.

Egó fræðsla ÍTR (og önnur fræðsla sem þau eiga)

Kvan

Aðgerðir:

Klara finnur lög um foreldrafélög og deilir með foreldrafélaginu, og fær skólann til að uppfæra á heimasíðu.

Eirný athugar hvað er í gangi hjá Fróðum foreldrum.

Sigurhanna deilir Google Drive möppu og kemur fólki inn í Telegram.

Lena, nýr formaður, ætlar að senda póst á skólann og biðja um aðgang að Mentor til að geta átt samskipti við foreldra þar í gegn.

Lena ætlar svo að senda út póst til foreldra með eftirfarandi upplýsingum (þarf jafnvel að bæta við að ofan eða skipta upp í fleiri pósta):

Póstur til foreldra um nýtt foreldrafélag:

Tilkynna um nýja stjórn foreldrafélagsins, happy hour 1 x í mánuði á Bus, næsti fundur 5. nóvember kl. 18. Viljum bæta fleirum við í stjórn og sérstaklega karlmönnum, okkur finnst vanta jafnvægi í stjórnina. Bæta við í Fróðir foreldrar verkefni til dæmis.

Munum senda út greiðsluseðil fljótlega, 3.000 kr.

Skipting verka milli árganga (sjá að ofan).

Vantar bekkjarfulltrúa í nokkra bekki, sjá: <https://hlidaskoli.is/foreldrar/bekkjjarfulltruar/>

Segja frá Foreldrar í Hlíðaskólagrúbbunni á FB:

<https://www.facebook.com/groups/foreldrarhlidaskola2012/>

Benda á Hrekkjavökuna í hvefinu, event á FB:

<https://www.facebook.com/events/388467402091386/>